Héraðsskjalasafnið Ísafirði er stofnað 8. maí 1952. Safnið starfar samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglugerð um héraðsskjalasöfn frá 1994. Skjalasafnið er til húsa í Safnahúsinu á Eyrartúni, Ísafirði.

Hvaða þjónusta er veitt og til hverra?

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn 77/2014 er hlutverk skjalasafnsins skv. 13. grein laganna meðal annars að:

- taka við og heimta inn skjöl og varðveita þau og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum sem hafa að geyma upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir stjórnsýslu eða hagsmuni og réttindi borgaranna eða hafa sögulegt gildi.
- hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum þessum, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og á reglum sem settar eru skv. 8. gr.

Afhendingarskyld skjöl skal afhenda opinberu skjalasafni þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Afhendingarskylda til Héraðsskjalasafns gildir um:

- sveitarfélög, svo og allar stofnanir og nefndir á þeirra vegum sem fara með stjórnsýslu; hið sama gildir um byggðasamlög og aðra þá aðila sem sjá um framkvæmd einstakra stjórnsýsluverkefna vegna samvinnu sveitarfélaga.
- sjálfseignarstofnanir og sjóði sem stofnuð hafa verið með lögum eða á grundvelli heimildar í lögum í þeim tilgangi að sinna einkum opinberum verkefnum.
- stjórnsýsluaðila einkaréttareðlis hafi þeim á grundvelli laga verið fengið vald til þess að taka stjórnvaldsákvarðanir af hálfu ríkis eða

SAFNAHÚSIÐ ÍSAFIRÐI
GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ

HLUTVERK

Meginhlutverk skjalasafnsins er að taka við, varðveita og skrá skjöl afhendingarskyldra aðila á starfssvæði safnsins, þ.e. sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum (Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur) sem og allar stofnanir á þeirra vegum.

Þá ber skjalasafninu að annast eftirlit og ráðgjöf varðandi skjalavörslu afhendingarskyldra aðila á starfssvæði sínu samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn og reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og varða skjalavörslu.

Skjalasafnið tekur einnig við og varðveitir skjöl einstaklinga, félaga og fyrirtækja er hafa sögulegt gildi fyrir starfssvæði safnsins.

sveitarfélags að því er varðar skjöl sem hafa orðið til hjá þeim eða komist í þeirra vörslu vegna mála er tengjast slíkum ákvörðunum.

• einkaréttarlega lögaðila sem tekið hafa að sér rekstrarverkefni með samningi skv. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, eða skv. 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga, að því er varðar skjöl sem hafa orðið til hjá þeim eða komist í þeirra vörslu vegna rækslu slíkra verkefna.

• lögaðila sem eru að 51% hluta eða meira í eigu hins opinbera.

Eftirlit:

Skjalasafnið ber skv. lögum að hafa eftirlit með skjalavörslu allra stofnana og nefnda á vegum sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum sem gegna stjórnsýsluhlutverki, þ.m.t. byggðasamlög og aðrir sem sjá um framkvæmd einstakra stjórnsýsluverkefna vegna samvinnu sveitarfélaga.

> ***Framkvæmd:*** *Heimsóknir til viðkomandi aðila. Samskipti í gegnum tölvupóst og síma. Rafrænar kannanir.*

Ráðgjöf og fræðsla:

Skjalasafnið býður upp á ráðgjöf og fræðslu fyrir skilaskylda aðila á norðanverðum Vestfjörðum. Sama þjónusta er í boði fyrir aðrar stofnanir, fyrirtæki, félög og einstaklinga.

> ***Framkvæmd:*** *Námskeið og kennsluefni á vef (https://skjalasafn.is/, https://www.youtube.com), fundir, fræðsla í gegnum tölvupóst og síma.*

Afgreiðsla:

Afgreiðsla fyrirspurna úr safnkosti skilaskyldra aðila á norðanverðum Vestfjörðum. Einnig afgreiðsla á fyrirspurnum frá öðrum stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum.

> ***Framkvæmd:*** *Upplýsingar úr skjölum veittar í gegnum tölvupóst og síma. Skjöl eru aðgengileg á lestrarsal safnsins og í gegnum millisafnalán. Um aðgengi að skjölum fer að lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, upplýsingalögum nr. 140/2012 og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Stafræn gögn á vef skjalasafnsins (https://www.safnis.is) og á vef annarra skjalasafna (t.d. https://skjalasafn.is/).*

Miðlun:

Á vefsíðu Safnahússins er hægt að nálgast stafræn afrit úr safnkosti skjalasafnsins, t.d. gjörðabækur byggingarnefndar, ungmenna- og kvenfélaga, brunavirðingar auk annarra skjala sem telja má að eigi erindi við almenning. Aðeins brot af safnkosti er stafrænn en stefnan að auka hann til framtíðar.

SAFNKOSTUR

Skráð skjöl og frágengin að fullu í öskjur eru um 170 hillumetrar, varðveitt í kjallara Safnahússins.

Frágengin skjöl í öskjum með afhendingaskrá eru um 360 hillumetrar, varð Mikil þörf á skjalageymslum sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til viðurkenndra safngeymsla.

Skjölin eru varðveitt í kjallara Safnahússins, í skjalageymslu Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu, í kjallara Sjóvá í Aðalstræti en stærsti hlutinn er í geymslu í Hafnarhúsi.

Áætlað er að ófrágengin skjöl séu um 360 hillumetrar, megnið af því varðveitt á brettum í Hafnargeymslu.

HÚSNÆÐI

Skjalasafnið er til húsa í Safnahúsinu á Eyrartúni. Skrifstofa safnsins og vinnurými er á efstu hæð hússins og lítil skjalageymsla í kjallara. Safnið hefur til umráða bráðabirgðageymslu í Hafnarhúsinu á Ásgeirsbakka, Ísafirði. Þá er hluti safnkostsins í skjalageymslu Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu.

Framkvæmd: *Frumheimildir skannaðar og settar á vef skjalasafnsins (https://www.safnis.is) þar sem þær eru aðgengilegar almenningi. Samfélagsmiðlar notaðir til að vekja athygli á stafrænum safnkosti.Tillfallandi kynningar í fjölmiðlum og fræðsluerindi.*

Móttaka, skráning, varðveisla:

Skjalasafnið tekur við skjölum afhendingarskyldra aðila á norðanverðum Vestfjörðum. Einstaklingar, félagasamtök og fyrirtæki á svæðinu geta afhent skjöl sín til varðveislu hafi þau sögulegt gildi fyrir svæðið. Afhendingar eru skráðar og gengið frá þeim til varðveislu á viðeigandi hátt.

Framkvæmd: *Við móttöku er innihald afhendingar skoðað, skráð og sett í viðeignandi umbúðir með varðveislu til framtíðar í huga.*

Skráningarverkefni:

Á skjalasafninu hefur verið unnið að skráningu sóknarmannatala fyrir Þjóðskjalasafn Íslands frá haustinu 2011. Skrá Þjóðskjalasafns Íslands telur ríflega 1500 sóknarmannatöl frá því um miðja 18. öld og fram yfir 1960. Er um eitt stöðugildi að ræða sem hefur að jafnaði verið skipt niður á 3–4 starfsmenn.

Framkvæmd: *Verkefnið er unnið með þeim hætti að sóknarmanntalsbækur eru skannaðar á Þjóðskjalasafni og færðar í sérstakt skráningarkerfi þar sem upplýsingar úr bókunum eru skráðar af starfsmönnum Skjalasafnsins á Ísafirði. Gögn þessi birtast síðan sem stafræn gögn á vef Þjóðskjalasafns og eru nú þegar að hluta aðgengileg almenningi.*

TIL FRAMTÍÐAR

Með stafrænum safnkosti er aðgengi auðveldað og minni þörf á beinni þjónustu. Því er mikilvægt að tryggja fjármagn í áframhaldandi skönnun skjala og stafræna miðlun þeirra. Setja þarf skjalaskrár á rafrænt form og gera aðgengilegar á vefsíðu safnsins.

Mikil þörf er á nýju notendavænu vefumhverfi fyrir rafrænan safnkost. Núverandi vistun á vef safnsins (www.safnis.is) er bráðabirgðalausn og stenst engan veginn þær kröfur sem gerðar eru miðlunar rafrænna skjala í dag.

Mikil þörf á skjalageymslum sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til viðurkenndra safngeymsla.

Ljósmyndasafnið Ísafirði hefur verið sjálfstæð stofnun frá árinu 2003 en var fyrir þann tíma starfrækt sem deild innan Skjalasafnsins Ísafirði. Ljósmyndasafnið er til húsa í Safnahúsinu á Eyrartúni, Ísafirði.

Hvaða þjónusta er veitt og til hverra?

Safnið veitir upplýsingar um skráðar ljósmyndir og ljósmyndasöfn sem varðveitt eru á safninu. Stafræn miðlun safnkosts og sala á myndefni í eigu safnsins samkvæmt gjaldskrá.

Móttaka, skráning, varðveisla:

Safnið tekur við ljósmyndum frá einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum. Afhendingar eru skráðar og gengið frá þeim til varðveislu á viðeigandi hátt.

Framkvæmd: Afhendingar koma með pósti eða eru afhentar á safni. Innihald skoðað, skráð og sett í viðeignandi umbúðir með varðveislu til framtíðar í huga.

Afgreiðsla:

Hlutverk ljósmyndasafnsins er að varðveita ljósmyndir, filmur, glerplötur og skyggnur ásamt því að veita almenna þjónustu. Safnið veitir upplýsingar um skráðar ljósmyndir og ljósmyndasöfn sem varðveitt eru á safninu. Stafræn miðlun safnkosts og sala á myndefni í eigu safnsins samkvæmt gjaldskrá.

HLUTVERK

Að safna, skrá og varðveita ljósmyndaefni, svo sem ljósmyndir, glerplötur, filmur og skyggnur, sem og önnur gögn og skjöl sem tengjast greininni og hafa menningarsögulegt gildi fyrir svæðið. Við rekstur safnsins er lögð áhersla á að varðveisla mynda, filma og annarra gagna sé eins og best verður á kosið. Ennfremur afgreiðsla og miðlun safnkosts.

SAFNKOSTUR

Um 500.000 ljósmyndir á glerplötum, filmum og pappír auk stafrænna mynda. Meginhluti safsins eru glerplötur og filmur frá ljósmyndurum sem starfað hafa á Ísafirði frá 1890 til dagsins í dag. Til viðbótar eru afhendingar einstaklinga, félaga, fyrirtækja og stofana.

Framkvæmd: *Pantanir berast í gegnum myndavefi, tölvupóst, síma eða heimsóknir á safn. Þjónusta felst í myndaleit, skönnun og myndvinnslu. Viðskiptavinir greiða skv. gjaldskrá safnsins. Fyrirspurnum varðandi safnkost svarað eftir upplýsingaöflun í myndaskrám og á ýmsum vefsíðum, t.d. vef Þjóðskjalasafns Íslands (https://skjalasafn.is/), Tímarit.is (https://timarit.is), Manntal.is (http://manntal.is/).*

Miðlun:

Safnkostur birtur á ýmsum vefsíðum með það að markmiði að auka og bæta aðgengi almennings að menningararfinum. Nýtist einnig félögum, fyrirtækjum og stofnunum. Sýningar á safnkosti í húsnæði safnsins, samfélagsmiðlum og fjölmiðlum. Miðlun skv. upplýsingalögum nr. 140/2012 og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Framkvæmd: Ljósmyndir, filmur, glerplötur og skyggnur skannaðar og settar myndavef ljósmyndasafnsins (http://myndasafn.isafjordur.is/) og á Sarp (https://sarpur.is/) sem er menningarsögulegur gagnagrunnur á landsvísu. Samfélagsmiðlar notaðir til að vekja athygli á stafrænum safnkosti og tilfallandi umfjallanir í fjölmiðlum.

TIL FRAMTÍÐAR

Með stafrænum safnkosti er aðgengi auðveldað og minni þörf á beinni þjónustu. Því er mikilvægt að tryggja fjármagn í áframhaldandi skönnun á safnkosti og til stafrænnar miðlunar. Ljósmyndavefur safnsins er úreltur en talsvert notaður og kemur vel út í leit. Sarpur, sem er miðlægt meningarsögulegt gagnasafn, er sá vefur sem safnið mun nota til framtíðar en skráningin þar er mjög tímafrek og sérhæfð og krefst sérstaks starfsmanns.

Safnkostur Ljósmyndasafnsins er varðveittur í kjallara Safnahússins á Ísafirði og löngu búinn að sprengja utan af sér rýmið þar. Mikil þörf á stærri geymslu sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru til viðurkenndra safngeymsla.

Fræðsla:

Kynning á ljósmyndasafni, starfsemi og safnkosti fyrir einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir.

Framkvæmd: *Fyrirlestar, greinar og upplýsingar á vefsíðu safnsins og samfélagsmiðlum.*